

## SAMSKIPTAVERND OG VERND MILLILIÐA

**Til athugunar sérstaklega:** Ákvæði 14. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu um takmarkaða ábyrgð milliliða (hýsingaraðila) og undanþágur frá takmarkaðri ábyrgð.

**14. gr. Takmörkun ábyrgðar vegna hýsingar.**

Þjónustuveitandi sem hýsir gögn sem látin eru í té af þjónustuþega ber ekki ábyrgð á þeim að því tilskildu að hann fjarlægi þau eða hindri aðgang að þeim án tafar eftir að hann hefur fengið:

1. vitneskju um að sýslumaður hafi lagt lögbann við hýsingu gagnanna eða dómur hafi fallið um brottfellingu þeirra eða hindrun aðgangs að þeim,

2. tilkynningu skv. 15. gr., ef um meint brot gegn ákvæðum höfundalaga er að ræða, eða

3. vitneskju um gögn sem innihalda barnaklám.

Ákvæði 1. mgr. um takmörkun ábyrgðar gildir ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitanda.

**Stutt samantekt:**

Þjóðréttarlegar skuldbindingar koma ekki í veg fyrir að unnt sé að fella brott ákvæði 2. tl. 1. mgr. 14. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Tilskipanir Evrópusambandsins kveða á um að tryggja skuli að til staðar sé heimild til að krefjast lögbanns á milliliði vegna höfundaréttarbrota en ekki er til staðar heimild skv. tilskipunum fyrir höfundaréttthafa til að krefjast þess beint við milliliði að efni verði fjarlægt eða aðgangur hindraður. Lagt er til að unnið verði frumvarp um brottfall ákvæðisins – Neðst á bls. 3 er vikið að nokkrum atriðum sem þarf að skoða í því sambandi.

### ÁSTÆÐUR FYRIR SKOÐUN OG TENGLS VIÐ ÞINGSÁLYKTUN

Undanþágur frá takmarkaðri ábyrgð milliliða, einkum 2. tl. 1. mgr. 14. gr. um skyldu til að taka niður efni skv. tilkynningu um meint höfundaréttarbrot, grafa undan félagslegum og efnahagslegum ávinningi af opnu og frjálsum Interneti, auka hættu á skerðingu grundvallarréttinda, einkum tjáningarfrelsis og frelsis til að deila og taka við upplýsingum á Internetinu. Færa má rök fyrir því að um sé að ræða skerðingu á tjáningu og upplýsingafrelsi án ‚due process‘ þar sem efni skal taka niður ef um er að ræða meint brot og það er notandans að sanna að ekki sé um höfundarvarið efni að ræða. Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 14. gr. á sér fyrirmynd í bandarískum lögum, svokölluðu *Notice & takedown clause* í copyright millennium act. Bent hefur verið á að mjög auðvelt sé að misnota ákvæðið enda hafi það verið gert ítrekað í þeim tilgangi að skaða samkeppnisaðila.<sup>1</sup> Google hefur til að mynda bent á að 57% tilkynninga hafi verið sent af fyrirtækjum í þeim tilgangi að samkeppnisaðila og 37% tilkynningana hafi ekki verið valid. Ákvæði sem þessi eru í lögum nokkurra ríkja, bæði innan og utan Evrópu.

**ÞJÓÐRÉTTARLEGAR SKULDBINDINGAR**

Lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu voru sett v. innleiðingar á tilskipun um rafræn viðskipti (2000/31/EB). Einnig kemur til skoðunar tilskipun um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu (2001/29/EB) og Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot.

**Tilskipun um rafræn viðskipti (2000/31/EB)<sup>ii</sup>**

Í 14. gr. tilskipunarinnar er fjallað um hýsingu. Samkvæmt ákvæðinu á milliliður ekki að bera ábyrgð á efni sem hann hýsir að að tveimur skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi (sbr. 1. mgr.) að hann hafi ekki *beina vitneskju um ólöglega starfsemi* og sé ekki kunnugt um staðreyndir eða aðstæður sem hin ólöglega starfsemi er rakin til. Hafi hann hins vegar slíka vitneskju ber honum að grípa tafarlaust til aðgerða til þess að eyða upplýsingunum eða tryggja að aðgengi að þeim sé hindrað. Í öðru lagi (skv. 2. mgr.) á takmarkaða ábyrgðin ekki við þegar þjónustuþegi (sá sem birtir efnið) kemur fram í umboði eða undir stjórn milliliðarins.

Í 3. mgr. kemur svo fram að hin takmarkaða ábyrgð komi ekki í veg fyrir *að dómstóll eða stjórnvald* krefjist þess af milliliðnum að hann sjái til þess að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau né það úrræði aðildarríkja að samþykkja aðferðir til þess að eyða eða hindra aðgang að upplýsingum.

Af tilskipuninni og skýringum með henni er ljóst að milliliðurinn þarf að hafa *beina vitneskju um ólöglega starfsemi eða ólöglegar upplýsingar*. Hafi hann beina vitneskju um ólöglega starfsemi eða upplýsingar ber honum að eyða upplýsingum eða hindra aðgang. Í tilskipuninni er ekki kveðið á um skyldu milliliðar til aðgerða vegna ‘meintrá’ höfundaréttarbrotá eins og getið er um í íslenska ákvæðinu (14. gr. laga um rafræna þjónustu).

Hin takmarkaða ábyrgð girðir ekki fyrir heimild ríkja til að setja lögbannsrúrræði (sbr. 3. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar). Og þrátt fyrir takmörkuðu ábyrgðina mega aðildarríki einnig (sbr. 2. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar) skylda milliliði til að tilkynna *lögþærðum stjórnvöldum* án tafar um *meinta ólöglega starfsemi* sem er stunduð eða upplýsingar sem þiggjendur þjónustu þeirra láta í té, eða skylda þá til að láta stjórnvöldum í té upplýsingar til að bera kennsl á þiggjendur þjónustu (sem grunaðir eru um brot). Ákvæði þessa efnis eru að nokkru leyti í fjarskiptalögum og lögum um meðferð sakamála.

Þrátt fyrir tilkynningarskyldu um meint brot til stjórnvalda er bannað að setja ákvæði í lög um (preemptive) eftirlitsskyldu milliliða sbr. 1. mgr. 15. gr. tilskipunarinnar. Þar segir að aðildarríkin *skuli* hvorki leggja þá almennu skyldu á herðar þjónustuveitendum að hafa eftirlit með upplýsingum sem þeir flytja eða geyma né skyldu til að leita uppi með virkum hætti staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegrar starfsemi.<sup>iii</sup> Þessa er ekki getið með pósitívum hætti í lögum um rafræn viðskipti.

*Að þessu sögðu má slá því föstu að umrædd tilskipun girði ekki fyrir að felt verði brott ákvæði 2. tl. 1. mgr. 14. gr.*

*Og raunar ástæða til að skoða sérstaklega hvort ákvæðið sé brot á tilskipuninni, þar sem þessu skilyrði fyrir takmarkaðri ábyrgð er í raun bætt við þau skilyrði sem tilskipunin tiltekur.*

Í skýringartexta tilskipunarinnar er í 50. mgr. vísað til tilskipunar um höfundarétt og réttindi í upplýsingasamfélaginu – og mikilvægi þess að settur verði skýr rammi um ábyrgð milliliða m.t.t. brota á sviði höfundaréttar.<sup>iv</sup>

## Tilskipun um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (2001/29/EB)<sup>v</sup>

Í 8. gr. tilskipunarinnar m.a. fjallað um milliliði. Samkvæmt ákvæðinu eru ríki skuldbundin til að kveða á um viðeigandi viðurlög og skulu tryggja að réttihafar geti höfðað skaðabótamál og/eða krafist lögbanns ef brotleg háttsemi skaðar hagsmuni þeirra. Í 3. mgr. segir: „Aðildarríkin skulu sjá til þess að réttihafar séu í aðstöðu til að krefjast lögbanns gegn milliliðum ef þriðji aðili notar þjónustu þeirra til að brjóta gegn höfundarétti eða skyldum rétti.“ [ath. ekkert um ‘meint’ höfundaréttarbrott] – Sjá stuttan skýringartexta tilskipunarinnar í endnote.<sup>vi</sup> Tilskipun þessi var innleidd hér á landi með breytingu á höfundalögum (sjá lög nr. 9/2006). Í athugasemdum frumvarpsins er athyglisverð klausa:

Í 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar er fjallað um það úrræði réttihafa að fá lagt lögbann gegn þjónustu sem milliliður veitir þriðja manni og *kann að*<sup>vii</sup> fela í sér brot á höfundarétti. Ákvæðið telst þegar uppfyllt með úrræðum sem fram koma í V. kafla laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002, sbr. IV. kafla laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 31/1990. Af 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, sem verður 10. gr. a í lögnum, mun leiða að tiltekin tilfallandi tæknileg eintök birtra verka, sem verða til fyrir sendingu gagna af hálfu milliliðar í neti á milli þriðju aðila, verða framvegis lögleg eintök.

Hvorki í sjálfu ákvæði tilskipunarinnar eða skýringartexta með henni er neitt að finna sem skýrir hvers vegna tekið er svona til orða í athugasemdum í frumvarpinu. Í tilskipuninni er ávallt vísað til brota á höfundarétti en ekki athafna sem ‚kunni‘ að fela í sér brot á höfundarétti.

*Að þessu sögðu er ekkert í umræddri tilskipun sem hindrar að fella megi brott 2. tl. 1. mgr. 14. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.*

### Samningur Evrópuráðsins um tölvubrot<sup>viii</sup>

Samningurinn kveður aðallega á um skyldur ríkja til að setja ákvæði um ýmis brot í refsilöggjöf auk ákvæða um aðstoð, hlutdeild og tilraun. Við fullgildingu samningsins var m.a. sett ákvæði í fjarskiptalög um skyldu þeirra sem reka fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet til að aðstoða við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild.<sup>viii</sup>

*Ekki er að sjá að tölvubrotasamningurinn komi á nokkurn hátt í veg fyrir breytingar á 14. gr.*

### TILLAGA UM AFURÐ

Lagt er til að stýrihópur vinni frumvarp um brottfall 2. tl. 1. mgr. 14. gr. laga um rafræn viðskipti og tilheyrandi ákvæða í lögnum (15. – 18. gr.)

#### Til nánari skoðunar:

- Hvort ákvæði 2. tl. 1. mgr. 14. gr. kunni að fela í sér brot á tilskipun 2000/31/EB.
- Skoða Notice and take down ákvæði annarsstaðar, dómafordæmi o.fl.
- Ákvæði laga um lögbann og hvort þau tryggja það sem þarf. (Skoða deildu/piratebay dóma)
- Meðalhöfsregla í dómum ECJ (og annarra dómstóla eftir atvikum) um höfundaréttarbrott og ábyrgð milliliða. (úrræði líklegt til að skila árangri, vægasta úrræði valið, gangi ekki lengra en nauðsyn krefur)
- Ákvæði tilskipana um siðareglur og samráðsvettvang milliliða, notenda og réttihafa (16. gr. tilskipunar um rafræn viðskipti) Hvort eitthvað hefur verið unnið að slíku héraendis.

<sup>1</sup> Þetta er ekki orðað svona í tilskipuninni. Það er eins og hér búi þeir hið ‘meinta’ höfundaréttarbrott til. Hins vegar er vísað til ‘meintrar ólöglegar starfsemi’ í 2. mgr. 15. gr. tilskipunar um heimild ríkja til að skylda milliliði til að tilkynna lögbærum stjórnvöldum um möguleg lögbrot.

**i Ummæli Google vegna Notice & takedown laga**

In its submission, Google notes that more than half (57%) of the takedown notices it has received under the US Digital Millennium Copyright Act 1998, were sent by business targeting competitors and over one third (37%) of notices were not valid copyright claims.

As such, Google says "Section 92A puts users' procedural and fundamental rights at risk, by threatening to terminate users' internet access based on mere allegations and reverse the burden of proof onto a user to establish there was no infringement."

It goes on to say, "Section 92A undermines the incredible social and economic benefits of the open and universally accessible internet, by providing for a remedy of account termination or disconnection that is disproportionate to the harm of copyright infringement online."

Sjá nánar: [http://www.pcworld.co.nz/article/483729/google\\_submission\\_hammers\\_section\\_92a/](http://www.pcworld.co.nz/article/483729/google_submission_hammers_section_92a/)

(Skoða fyrirlestur Nas, Sjoera)

**ii Tilskipun (2000/31/EB) um rafræna þjónustu****14. gr. – Hýsing**

1. Ef látin er í té þjónusta í upplýsingasamfélaginu, sem felst í geymslu upplýsinga sem þjónustuþegi veitir, skulu aðildarríkin tryggja að þjónustuveitandinn sé ekki gerður ábyrgur fyrir þeim upplýsingum sem eru geymdar að beiðni þjónustuþega, að því tilskildu að þjónustuveitandinn:

a) hafi ekki beina vitneskju um ólöglega starfsemi eða upplýsingar og, að því er varðar skaðabótakröfur, sé ekki kunnugt um staðreyndir eða aðstæður sem hin ólöglega starfsemi eða upplýsingar eru raktar til; eða

b) hafi hann öðlast slíka vitneskju, grípi tafarlaust til aðgerða til þess að eyða upplýsingunum eða tryggi að aðgengi að þeim sé hindrað.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar þjónustuþegi kemur fram í umboði eða undir stjórn þjónustuveitandans.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa hvorki áhrif á það úrræði dómstóls eða stjórnvalds að krefjast þess af þjónustuveitanda, í samræmi við réttarkerfi aðildarríkjanna, að hann sjái til þess að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau né það úrræði aðildarríkja að samþykka aðferðir til þess að eyða eða hindra aðgang að upplýsingum.

**iii 15. gr. tilskipunar um rafræna þjónustu (um bann við eftirliti)****15. gr.**

1. Aðildarríkin skulu hvorki leggja þá almenna skyldu á herðar þjónustuveitendum, þegar þeir láta í té þá þjónustu sem er fjallað um í 12., 13. og 14. gr., að hafa eftirlit með upplýsingunum sem þeir flytja eða geyma né þá almennu skyldu að leita uppi með virkum hætti staðreyndir eða aðstæður sem benda til ólöglegar starfsemi.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að skylda veitendur þjónustu í upplýsingasamfélaginu til þess að tilkynna lögbærum stjórnvöldum án tafar um meinta ólöglega starfsemi sem er stunduð eða upplýsingar sem þiggjendur þjónustu þeirra láta í té eða skylda þá til þess að senda lögbærum stjórnvöldum, að beiðni þeirra, upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á þiggjendur þjónustu þeirra sem þeir hafa gert geymslusamninga við.

**iv Athugasemdir við tilskipunina um rafræn viðskipti**

45) Takmörkuð ábyrgð þjónustuveitenda sem eru milliliðir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hefur engin áhrif á hugsanleg fyrirmæli af ýmsum toga. Slík fyrirmæli geta einkum falist í úrskurðum dómstóla eða stjórnvalda, þar sem krafa er gerð um að brotum sé hætt eða komið sé í veg fyrir þau, meðal annars að ólöglegum upplýsingum sé eytt eða að aðgengi að þeim sé hindrað.

46) Ef veitandi þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem felst í því að geyma upplýsingar, vill að takmörkuð ábyrgð gildi um hann skal hann, ef hann fær áreiðanlega vitneskju um ólöglegt athæfi, tafarlaust gera ráðstafanir til þess að eyða viðkomandi upplýsingum eða tryggja að aðgengi að þeim sé hindrað. Þegar upplýsingum er eytt eða aðgengi að þeim hindrað ber að virða meginregluna um tjáningarfrelsi og fylgja þeirri málsmeðferð sem samþykkt hefur verið innanlands í þessu skyni. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á svigrúm aðildarríkjanna til að samþykka sérkröfur sem ber að uppfylla tafarlaust áður en upplýsingum er eytt eða aðgengi að þeim hindrað.

50) Mikils er um vert að fyrirhuguð tilskipun um samhæfingu tiltekinna þátta sem lúta að höfundarrétti og réttindum í upplýsingasamfélaginu sem tengjast honum og þessi tilskipun öðlist gildi á svipuðum tíma svo að unnt verði að setja skýran ramma reglna um ábyrgð milliliða með tilliti til brota á sviði höfundarréttar og réttinda sem tengjast honum.

**v Tilskipun um höfundarétt og upplýsingasamfélagið – 8. gr.**

1. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi viðurlög og úrræði að því er varðar brot á réttindum og skyldum samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum og úrræðum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að réttthafar geti höfðað skaðabótamál og/eða krafist lögbanns, ef brotleg háttsemi á yferráðasvæði þess skaðar hagsmuni þeirra, og krafist þess, þar sem það á við, að ólöglega efnið, sem og tæki, vörur eða íhlutir, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., verði gert upptækt.
3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að réttthafar séu í aðstöðu til að krefjast lögbanns gegn milliliðum ef þriðji aðili notar þjónustu þeirra til að brjóta gegn höfundarétti eða skyldum rétti.

**vi Skýringartexti með 8. gr. tilskipunar um höfundarétt og upplýsingasamfélagið.**

59. Þriðju aðilar geta í auknum mæli nýtt sér þjónustu milliliða til brotlegar háttsemi, einkum í hinu stafræna umhverfi. Í mörgum tilvikum eru slíkir milliliðir í bestri aðstöðu til að binda enda á brotlega háttsemi af þessu tagi. Með fyrirvara um önnur viðurlög og úrræði sem bjóðast skulu réttthafar eiga þess kost að fara fram á lögbann gegn millilið sem miðlar um net afrakstri af broti þriðja aðila á rétti að vernduðu verki eða öðru efni. Þessi kostur skal einnig vera fyrir hendi þótt aðgerðir milliliðarins séu undanþegnar skv. 5. gr. Aðildarríkin skulu setja skilyrði og nánari ákvæði um slíkt lögbann í landslög sín.

**vii Úr tölvubrotasamningi - Afbrot tengd höfundarrétti og skyldum réttindum.**

## 10. gr.

*Afbrot tengd höfundarrétti og skyldum réttindum.*

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum að brjóta á rétti höfundar, eins og það er skilgreint í lögum þess aðila í samræmi við skuldbindingar sem hann hefur undirgengist til samræmis við Parísargerninginn frá 24. júlí 1971, sem á rót sína að rekja til Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum, við samninginn um hugverkarétt í viðskiptum og samning Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt, að undanskildum siðferðilegum réttindum, sem slíkir samningar veita, þegar slík háttsemi er höfð uppi af ásettu ráði, að umfangi eins og í viðskiptum og með því að notast við tölvukerfi.

2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum að sniðganga skyld réttindi, eins og það er skilgreint í lögum þess aðila í samræmi við skuldbindingar sem hann hefur undirgengist samkvæmt Alþjóðasamningnum um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana, sem var gerður í Róm (Rómarsamningnum), samningnum um hugverkarétt í viðskiptum og samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðrit, að undanskildum siðferðilegum réttindum sem slíkir samningar veita, þegar slík háttsemi er höfð uppi af ásettu ráði, að umfangi eins og í viðskiptum og með því að notast við tölvukerfi.

3. Aðili getur áskilið sér rétt til þess að láta menn ekki sæta refsíabyrgð skv. 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar tilefnið er smávægilegt, að því tilskildu að önnur áhrifarík úrræði séu tiltæk og að slíkur fyrirvari víki ekki frá alþjóðlegum skuldbindingum aðilans sem eru settar fram í þeim alþjóðlegu gerningum sem um getur í 1. og 2. mgr. greinar þessarar.

## 5. hluti – Aðrar tegundir refsíabyrgðar og viðurlög.

## 11. gr.

*Að gera tilraun til brots og að aðstoða við það eða hvetja til þess.*

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða, að aðstoða við eða hvetja til þess að eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsínæm skv. 2. til 10. gr. samnings þessa, séu framin og tilgangurinn sé að það verði gert.

2. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að geta lýst þá háttsemi refsilagabrot samkvæmt landslögum sínum, þegar um ásetning er að ræða, að gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra brota, sem gerð eru refsínæm skv. 3. til 5. gr., 7. og 8. gr. og a- og c-lið 1. mgr. 9. gr. samnings þessa.

3. Hver aðili getur áskilið sér rétt til þess að beita ekki ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í heild eða að hluta.

## 12. gr.

*Refsiábyrgð lögaðila.*

1. Hver aðili skal setja lagaákvæði og samþykkja aðrar ráðstafanir, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að unnt sé að lýsa ábyrgð á hendur lögaðila fyrir refsilagabrot sem gert er refsinnæmt í samræmi við ákvæði samnings þessa og er framið honum til hagsbóta af einstaklingi sem annaðhvort aðhefst einn eða sem hluti af einingu innan lögaðilans og gegnir forustuhlutverki innan lögaðilans sem er grundvallað á:

- a) heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðilans;
- b) valdi til að taka ákvörðun fyrir hönd lögaðilans;
- c) valdi til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

2. Auk þeirra tilvika, sem þegar er kveðið á um í 1. mgr., skal hver aðili gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að lýsa refsíábyrgð á hendur lögaðila hafi skortur á eftirliti eða stjórnun af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., gert einstaklingi, sem aðhefst í umboði fyrrnefnds lögaðila, kleift að fremja refsilagabrot, sem gert er refsinnæmt í samræmi við samning þennan, lögaðilanum til hagsbóta.

3. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um ákvæði meginreglna landslaga aðilans, lotið að refsí- eða einkamálarétti eða verið stjórnslulegs eðlis.

4. Slík ábyrgð hefur engin áhrif á refsíábyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotið

**viii Breyting á lögum um fjarskipti v. tölvubrotasamnings.**

Við 47. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þeim sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet er skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild.

Starfsmenn fjarskiptafyrirtækis bera þagnarskyldu um allar aðgerðir sem gripið er til skv. 6. mgr.